

Íslenska 3.LH

Kennarar: Lára Hálfdanardóttir

3

Lýsing

Námslota fyrir íslensku í 3.bekk.

Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Ártúnsskóla í íslensku.

Námsgögn sem við notum:

- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Orðabækur sem nemendur skrá daglega orð eða setningar í
- Ritrún 1 og 2

Lesrún

Samlestrarbækur

Skriftarhefti

Stafsetningaræfingar

Málfræðiverkefni

Ljóð valin af kennara

Ritunarbækur fyrir dagbók, viðburðaritun og sögugerð

Kennsluhættir í lotunni:

- Daglegur lestur og skráning
- Yndislestur
- Paralestur,
- Samlestur
- Leitarlestur
- Framsögn
- Samverur á sal
- Verkefni unnin í verkefnabókum
- Skapandi ritun
- Skriftarþjálfun

- Upplestur í stafsetningu
- verkefni unnin einstaklingslega, í paravinnu og hópavinnu.
- samvinnuverkefni

Námsmat:

-haust og vorannar próf

-ritunarverkefni metin með umsögn

-skriftarpróf

-símat (m.a. fylgst daglega með lestri og orðabók)

-leiðsagnarmat

-kannanir

-lestrarpróf

Íslenska fyrir 1.-4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dreigið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.